

fyrir hvern dag, sbr. 6. gr. samningsins frá 29. marz 1976 og 1. gr. samningsins frá 5. nóvember 1976.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að samið hafi verið sérstaklega um þóknun handa stýrimönnum á m/s Herjólfri fyrir innheimtu far- og farmgjalda í vinnutíma þeirra.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina. Verður stefndi því sýknaður, en eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Sigurður Lindal, Ragnar Ólafsson og Guðmundur V. Jósefsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Herjólfis h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1977.

Nr. 9/1977. **Alþýðusamband Íslands vegna
Alþýðusambands Norðurlands vegna
þeirra aðildarfélaga þess, sem standa
að Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga
á Norðurlandi vestra**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Vinumálasambandi samvinnufélaganna
vegna Sængurgerðar Sambands íslenzkra
samvinnufélaga Sauðárkróki og
Lífeyrissjóðs S.Í.S.**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

Frávísun. Fjármálaráðuneytið átti úrskurðarvald í málinu.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu útgefinni 3. f.m.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands vegna Alþýðusambands Norðurlands vegna þeirra aðildarféлага þess, sem standa að Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra.

Stefndi er Vinnumálasamband samvinnufélaganna vegna Sængurgerðar Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Saudárkróki og Lífeyrissjóðs S.Í.S., Reykjavík.

Efniskröfur stefnanda eru nú þær, að viðurkennt verði með dómi, að starfstúlkur Sængurgerðar S.Í.S. á Saudárkróki eigi rétt til að vera í lífeyrissjóði stéttarfélags síns, þ.e. Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra og að þeim sé óskýlt að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs S.Í.S. Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda í greinargerð eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að kröfur stefnanda fái ekki framgang. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Munnlegur málflutningur um framkomna frávisunarkröfu fór fram í dag. Í þessum þætti málsins gerir stefndi þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað. Dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo, að með bréfi dags. 25. febrúar s.l. hafi starfsstúlkur Sængurgerðar Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Saudárkróki óskað þess, að stéttarfélag þeirra beitti sé fyrir því, að þær fengju að eiga aðild að Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra eins og flestar þeirra höfðu átt áður en þær hófu störf hjá sængurgerðinni. Hafi beiðni þessi komið fram vegna þess að fyrirtækið hafi greitt iðgjöld þeirra til Lífeyrissjóðs Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Hafi og fyrirsvarsmenn fyrirtækisins talið, að starfsstúlkunum bæri að vera í þeim lífeyrisjóði. Af hálfu stefnanda hafi því hins vegar verið haldið fram, að réttur skilningur á 8. gr. rammisamnings stefnda og fleiri við 16 manna nefnd aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 leiði til þess að starfsstúlkum sængurgerðarinnar sé ekki aðeins

heimilt heldur skylt að vera í Lífeyrissjóði stéttarfélags síns, þ.e. Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra. Þar sem aðilar hafi ekki orðið sammála um skilning á umræddu samningsákvæði hafi stefnandi talið sér nauðsyn að fá skilning sinn á umræddu ákvæði staðfestan með dómi.

Krafa stefnda um að vísa beri málinu frá dómi er byggð á því, að ágreiningur aðila falli ekki undir lögsögu Félagsdóms. Með lögum nr. 9/1974, 2. gr., hafi fjármálaráðuneytinu verið falið að úrskurða ágreining um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða. Þetta lagaákvæði hafi stefnandi áður virt í samskonar tilvikum og fjallað er um í máli þessu. Ljóst sé, að samkvæmt 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 ætti Félagsdómur útskurðarvald um ágreiningsefni þetta, ef lögum nr. 9/1974 væri ekki til að dreifa. Þau lög séu hins vegar yngri sérlög og samkvæmt viðurkenndum lögskýringarreglum rými ákvæði þeirra út ákvæði 44. gr. laga nr. 80/1938.

Krafa stefnanda um að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið er byggð á því, að samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fari dómendur með dómsvaldið, en litið hafi verið svo á, að þrátt fyrir þetta geti almenni löggjafinn innan vissra marka fengið stjórnvöldum tiltekin réttarágreiningsefni til úrlausnar. Ekki sé í lögum nein almenn regla um það, hvaða mál heyri undir úrskurð stjórnvalda. Erfitt sé að gefa ákveðna reglu um þau takmörk, sem setja verði þessari heimild löggjafans, en fullyrða megi, að löggjafanum yrði almennt talið óheimilt að leggja úrskurði um lögskipti borgaranna sín í milli og um ákvörðun refsinga undir stjórnvöld. Úrskurðarvald um þau mál efni hafi jafnan verið talin kjarni dómsvaldsins. Af hálfu stefnanda er vitnað til ákvæða 10. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og 1. tl. 6. gr. laga nr. 11 frá 9. febrúar 1954 um gildistöku Evrópusamningsins um verndun mannréttinda og því haldið fram, að íslenskum dómstólum beri að taka tillit til þessara ákvæða þegar þeir taki ákvörðun um það, hvort tiltekin mál eða málaflokkar verði með lögumætum hætti teknir undan lögsögu þeirra.

Stefnandi telur, að ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar standi í vegi fyrir því, að úrlausn um réttarágreining þann, sem fjallað er um í máli þessu, verði tekin undan lögsögu dómsins. Félagsdómur sé stofnaður til að vera vinnudómstóll og megi því ætla, að úrskurðarvald í máli eins og þessu sé bezt komið í höndum hans.

Niðurlagsákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1974 er svohljóðandi:

„Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands“. Í ákvæði þessu felst, að rísi ágreiningur um það í hvaða lífeyrissjóði starfsmaður skuli vera, eigi að bera hann undir úrskurð fjármálaráðuneytisins. Brýtur sú málsmeðferð ekki í bága við ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar. Fjármálaráðuneytið hefur ekki fjallað um ágreining aðila máls þessa. Verður málinu því vísað frá Félagsdómi. Stefnandi greiði stefnda kr. 20.000.- í málskostnað.

Dóm þennan kváðu upp: Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Sigurður Líndal, Árni Guðjónsson og Guðmundur Vignir Jósefsson.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands vegna Alþýðusambands Norðurlands vegna þeirra aðildarféлага þess, sem standa að Lífeyrissjóði verkálýðsfélaga á Norðurlandi vestra, greiði Vinnumálasambandi samvinnufélaganna vegna Sængurgerðar Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Lífeyrissjóðs S.Í.S., Sauðárkróki, kr. 20.000.- í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur Hæstaréttar 4. janúar 1978.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 12. desember 1977, sem barst Hæstarétti 21. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávisunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 29. nóvember 1977, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Kæru-frestur samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 er vika frá uppsögu dóms eða úrskurðar, og hafa yngri lög eigi haggð því ákvæði. Í 64. gr., 3. málsgr., laganna er boðið, að tilkynna skuli málflytjendum, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verði kveðinn upp. Samkvæmt gögnum máls sótti enginn þing af hálfu sóknaraðilja, er hinn kærði frávisunardómur var kveðinn upp,

og var málflutningsmanni hans eigi tilkynnt um dómþingið. Þegar svo hagar til, þykir verða að beita meginreglu 22. gr laga nr. 75/1973 um upphaf kærufrests samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 og miða við það, er aðilja eða fyrirsvarsmanni hans varð kunnugt um dóm eða úrskurð. Miða verður við það, að sóknaraðili hafi eigi öðlast vitneskju um uppsögu framan- greinds dóms fyrr en hinn 7. desember 1977, og er kæran því fram komin innan réttis kærufrests.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kær- umálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að stað- festa hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands vegna Alþýðusam- bands Norðurlands vegna þeirra aðildarfélaga þess, sem standa að Lífeyrissjóði verkalýðsfélaga á Norðurlandi vestra, greiði varnaraðilja, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna vegna Sængurgerðar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Sauðár- króki, og Lífeyrissjóðs SÍS, 40.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.